

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar



Ársskýrsla 2019



MOSFELLSBÆR

Ávarp framkvæmdastjóra

Mosfellsbær er ört stækkandi sveitarfélag og hafa bæjaryfirvöld sýnt metnað við uppbyggingu og skipulag þjónustunnar. Rík krafa er um að þeir sem veita íbúum þjónustu leggi sitt af mörkum til að gera hana aðgengilega og skilvirka. Með það í huga hafa starfsmenn sviðsins lagt áherslu á að þróa verkferla samhliða fjögun verkefna.

Ársskýrslu þessari er ætlað að veita innsýn í verkefni sviðsins á árinu 2019. Til samanburðar er birt tölfræði árána 2016, 2017 og 2018 sem gefur innsýn í þróun þjónustunnar. Á árinu 2019 fjölgaði tilkynningum á grundvelli barnaverndarlaga umtalsvert frá árinu 2018, en þær snertu enga að síður færri börn en árið 2018. Þetta ber vott um vöku augu tilkynnenda, en flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, auk þess sem tilkynningum frá skólum, heilbrigðisþjónustu og foreldrum fjölgaði. Fleiri nutu fjárhagsaðstoðar á árinu sem rekja má til aukins atvinnuleysis og fjölgunar íbúa. Þjónusta við fatlað fólk í Mosfellsbæ er sem fyrr fjölbreytt og umfangsmikil, nýjung í þjónustu ársins er áfangameili fyrir geðfatlað fólk sem sett var á laggirnar. Markmið með þjónustu heimilisins er að veita einstaklingum sérhæfða þjónustu eftir útskrift af geðdeild þannig að stuðla megi að farsælli sjáfstæðri búsetu þeirra í framtíðinni. Á heimilinu geta tveir einstaklingar búið, auk þess sem heimilið veitir einstaklingum sem búa utan þess þjónustu.

Mosfellsbær hefur lagt áherslu á breytileika í framboði á félagslegu húsnæði, með því að blanda saman eignaríbúðum og langtímaleigu á vegum bæjarins. Reynslan sýnir að eftirspurn eftir félagslegu leiguhúsnæði er breytileg frá einum tíma til annars og dæmi eru um að stærð húsnæðis í eigu bæjarfélagsins sem er til ráðstöfunar henti ekki þeim fjölskyldum sem eru í brýnastri þörf hverju sinni. Því hefur verið mætt með því að leigja íbúðir á almennum markaði og framleigja til fjölskyldna líkt og um húsnæði í eigu bæjarfélagsins væri að ræða.

Mosfellsbær tók á árinu í annað sinn á móti hópi flóttafólks sem fengið hafði stöðu kvótaflóttafólks samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Reynslan af móttöku flóttafólksins var almennt góð, helstu erfiðleikar tengdir verkefninu var útvegum húsnæðis.

Starfsfólki fjölskyldusviðs eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Ennfremur er fulltrúum fjölskyldunefndar þakkað fyrir ánægjulegt samstarf.

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Skipting fjármagns	5
2	Barnavernd	6
2.1	Tilkynningar	6
2.2	Ástæða tilkynninga og tilkynnendur	7
2.3	Málsmeðferð	9
2.4	Útgjöld	10
3	Félagsþjónusta	11
3.1	Félagsleg ráðgjöf	11
3.2	Fjárhagsaðstoð	11
3.2.1	Fjöldi styrkþega	11
3.2.1	Útgjöld	12
3.3	Félagsleg heimaþjónusta	12
3.3.1	Umfang og eðli þjónustunnar	12
4	Þjónusta við eldri borgara	14
4.1	Dagdvöl að Eirhömrum	14
4.2	Félagsstarf	14
5	Akstursþjónusta	15
6	Þjónusta við fatlað fólk	17
6.1	Búsetuþjónusta	17
6.1.1	Hulduhlíð	17
6.1.2	Klapparhlíð	17
6.1.3	Þverholt	17
6.1.4	Biðlisti eftir sértækri búsetu	17
6.2	Áfangaheimili fyrir geðfatlaða	17
6.3	Notendastýrð persónuleg aðstoð	18
6.4	Liðveisla	18
6.5	Dagþjónusta – atvinna, hæfing	18
6.6	Skammtí mavistun	19
6.7	Stuðningsfjölskyldur	19
6.8	Önnur þjónusta við börn	20
6.8.1	Heimili fyrir börn	21
6.8.2	Lengd viðvera og sumarstarf	21
6.9	Skálatún	21
6.10	Samráð og samvinna við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu	21
7	Félagsleg húsnæðismál	22
7.1	Sérstakur húsnæðisstuðningur	22
7.2	Félagslegt leiguhúsnæði	23
7.3	Biðlisti	24
8	Móttaka flóttafólks	25

1 Inngangur

Verkefni fjölskyldusviðs eru unnin samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Markmið með framkvæmd þjónustunnar er að stuðla að fjárhagslegu og félagslegu öryggi íbúa með velferð þeirra í huga. Verkefnin varða að miklu leyti persónulega hagi einstaklinga. Starfsmenn fjölskyldusviðs hafa með samþykkt bæjarstjórnar umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við ákvæði reglna eftir því sem við á.

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti. Í lok ársins 2019 voru íbúar 11.463¹ og hafði þeim fjölgað um 8,5% frá árinu 2018.

Í lok ársins 2019 voru starfsmenn sviðsins 124 í 45 stöðugildum. Starfsmenn á skrifstofu voru 11 í 10,5 stöðugildum.

Starfsmenn á skrifstofu fjölskyldusviðs í árslok 2019 voru:

Framkvæmdastjóri:	Unnur V. Ingólfssdóttir
Verkefnastjóri gæða og þróunarmála:	Sigurbjörg Fjölfnisdóttir
Stjórnandi barnaverndar	Guðrún Marinósdóttir
Deildarstjóri búsetu- og þjónustudeildar:	Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir (í leyfi)
Félagsráðgjafar:	Alexandra Ólöf Gunnarsdóttir
	Guðlaug Birna Steinarsdóttir
	Harpa Ólafsdóttir
Umsjónarþroskabjálfi:	Kristbjörg Hjaltadóttir
Ráðgjafi málefna fatlaðs fólks:	Hildur Fransiska Bjarnadóttir
Verkefnastjóri, húsnæðismála:	Una Dögg Evudóttir
Verkefnastjóri móttöku flóttafólks:	Hulda Rútsdóttir

¹ Hagstofa Íslands 8. júlí 2020.

2 Skipting fjármagns

Rekstarútgjöld fjölskyldusviðs árið 2019 námu 1,9 miljarði. Tafla 1 sýnir samanburð útgjalda árin 2016 til 2019 skipt niður á einstakar deildir.

Tafla 1. Rekstrarniðurstaða fjölskyldusviðs og deilda árin 2016-2019

Heiti	2016	2017	2018	2019
02 FÉLAGSÞJÓNUSTA	1.382.280.334	1.477.377.471	1.660.525.628	1.953.287.479
02010 Fjölskyldunefnd	2.952.324	4.376.954	4.718.342	4.461.405
02020 Skrifstofa félagsþjónustu	58.327.093	56.158.127	59.773.344	73.067.699
02110 Fjárhagsaðstoð	38.424.873	36.051.059	37.910.646	53.062.077
02170 Móttaka flóttafólks	0	0	-928.319	0
02172 Erlendir ríkisborgarar	0	0	281.872	0
02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur	25.746.948	8.432.792	19.077.164	31.588.500
02190 Önnur félagsleg aðstoð ²	6.490.803	5.313.350	5.160.008	3.338.272
02330 Niðurgreiðsla dvalargjalda	4.639.247	5.889.685	7.155.773	4.958.673
02340 Barnaverndarmál	9.117.239	10.142.407	20.439.583	27.259.308
02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja	6.961.361	6.814.008	6.789.888	7.915.893
02420 Þjónustuhópur aldraðra	0	0	168.200	0
02430 Hjúkrunarheimili	0	79.500	7.000.000	30.000.000
02450 Þjónustumiðstöð aldraðra	105.749.903	101.484.436	109.389.820	101.517.272
02480 Félagsstarf aldraðra	32.346.879	36.679.482	38.554.585	43.512.853
02490 Afsláttur af fasteignagjöldum ³	19.211.119	24.377.542	36.045.762	37.437.345
02500 Málefni fatlaðra - sameiginlegur kostnaður	601.646.825	695.885.500	757.870.839	800.684.540
02510 Liðveisla og akstur	115.204.267	99.410.888	117.742.649	134.474.622
02520 NPA þjónusta	79.966.820	69.089.378	73.312.725	103.206.312
02564 Hulduhlíð búsetukjarni	69.496.365	77.322.304	79.870.059	86.280.835
02565 Klapparhlíð búsetukjarni	41.545.403	38.307.959	43.849.675	57.647.450
02566 Þverholt búsetukjarni	82.102.516	80.290.612	86.257.014	109.308.353
02567 Heimili fyrir börn	0	13.364.921	50.477.765	59.762.908
02569 Áfangaheimili fyrir geðfatlaða	0	0	0	22.778.595
02570 Skammtíamavistun fyrir fatlaða	25.903.959	41.739.220	19.998.605	26.451.417
02580 Dagþjónusta fyrir fatlaða	32.990.141	43.571.185	41.503.094	98.071.390
02590 Stuðningsfjölskyldur	19.124.200	17.780.850	31.330.034	32.430.924
02620 Fræðslu og forvarnarstarf	880.058	1.042.080	1.366.320	0
02650 Jafnréttismál	61.722	231.721	1.515.135	0
02710 Ýmis lögbundin framlög	1.007.900	1.059.750	1.171.188	1.309.300
02810 Ýmsir styrkir - félagsmál	2.382.369	2.481.761	2.723.858	2.761.536

2 Kostnaður vegna niðurgreiðslu leikskólagjalda-fræðslusvið

3 Kostnaður vegna niðurgreiðslu fasteignagjalda-fjármáladeild


2 Barnavernd

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Það er gert með því að styrkja uppeldislutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Með börnum er átt við einstaklinga 17 ára og yngri. Þjónustan er í samræmi við barnaverndarlög nr. 80/2002 og önnur lög, eftir því sem við á hverju sinni. Fjölskyldunefnd fer með málefni samkvæmt barnaverndarlögum og starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar sjá um framkvæmd þjónustunnar.

Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær gerðu með sér samning um bakvakt í barnaverndarmálum og bakvakt í samstarfi við lögreglustjórana á Höfuðborgarsvæðinu í heimilisofbeldismálum. Samningur sveitarfélaganna sem gerður var árið 2016 til reynslu í eitt ár, hefur verið endurnýjaður og er nú ótímabundinn með uppsagnarákvæði.


2.1 Tilkynningar

Tilkynningar á árinu 2019 voru 429. Þeim fjölgaði um 42% frá árinu 2018 þegar þær voru 303. Tilkynningar á árinu vörðuðu 153 börn sem er um 7% fækkun frá árinu 2018. Mynd 1 sýnir þróun tilkynninga árin 2016-2019 ásamt fjölda fjölskyldna og barna sem tilkynningar bárust um á árinu og fjölda þeirra sem var til vinnslu á fjölskyldusviði árið áður.



Mynd 1. Fjöldi tilkynninga árin 2016, 2017, 2018 og 2019 um fjölskyldur og börn, borið saman við fjölda þeirra sem var til vinnslu árið á undan.


Algengara er að tilkynnt sé um drengi en stúlkur eins og Mynd 2 ber með sér. Á myndinni er fjöldi tilkynninga skv. 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga sem fjalla um tilkynningaskyldu almennings, þeirra sem hafa afskipti af börnum og lögreglu.



Mynd 2. Fjöldi tilkynninga á grundvelli 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga árin 2016, 2017, 2018 og 2019 skipt eftir fjölda barna og kyni.


2.2 Ástæða tilkynninga og tilkynnendur

Ástæðum tilkynninga til barnaverndar er skipt í fjóra yfirflokka (Mynd 3) með nokkrum undirflokkum.




Mynd 3. Flokkar barnaverndartilkyninga

Algengasta ástæða tilkynninga árið 2019 var ofbeldi en þar á eftir var ástæðan áhættuhegðun barns (Mynd 4).




Mynd 4. Ástæða tilkynninga árin 2016, 2017, 2018 og 2019.

Áberandi er hvað tilkynningar um áhættuhegðun drengja eru margar árin 2017, 2018 og 19 og tilkynning um ofbeldi gagnvart stúlkun árið 2019. Tilkynningar eru flokkaðar eftir kyni barns (Mynd 5).



Mynd 5. Ástæða tilkynningar árin 2016, 2017, 2018 og 2019 skipt eftir kyni barns.


Tilkynningar berast í flestum tilfellum frá lögreglu (Mynd 6), sem er í samræmi við tilkynningar til barnaverndarnefnda á landsvísu. Tilkynningum frá heilbrigðisþjónustu og skólum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en enn er sláandi hvað fáar tilkynningar berast frá leikskólum.



Mynd 6. Tilkynnendur barnaverndarmála árin 2016, 2017, 2018 og 2019.

2.3 Málsmeðferð


Fjöldi barna sem afskipti voru höfð af á árinu 2019 voru 153, í 111 fjölskyldum. Eins og Mynd 7 sýnir er hlutfall mála sem flyst frá árinu áður 39% árið 2019 sem gefur til kynna að greitt er úr flestum málum á skömmum tíma.



Mynd 7. Fjöldi barna sem unnið var með á ári 2016, 2017, 2018 og 2019 borið saman við fjölda sem var til vinnslu árið áður og hlutfell þeirra af heild.

2.4 Útgjöld

Útgjöld til barnaverndarmála á árinu 2019 námu alls 27.259 þ.kr. Mynd 8 sýnir þann kostnað ásamt kostnað við aðkeypta sérfræðiþjónustu annars vegar og kostnað vegna lögfræðiaðstoðar og málskostnaðar hins vegar, árin 2016-2019.



Mynd 8. Útgjöld vegna barnaverndarmála árin 2016, 2017, 2018 og 2019, þar af má sjá útgjöld vegna sérfræðiþjónustu og lögfræðiaðstoðar ásamt málskostnaði árin 2016-2019.

3 Félagspjónusta

Í þessum kafla er fjallað um þjónustu fjölskyldusviðs sem byggir á lögum um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Er hér um að ræða félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimþjónustu og þjónustu við eldri íbúa bæjarfélagsins.

3.1 Félagsleg ráðgjöf


Félagsleg ráðgjöf fer fram á símatímum félagsráðgjafa fjórum sinnum í viku og í formi viðtala. Um er að ræða erindi er varða fjárhagsaðstoð, ráðgjöf vegna fjölskyldutengdra erinda svo sem skilnaðarráðgjöf, ráðgjöf vegna uppeldis barna og leiðbeiningar vegna forsjár- og umgengnisdeilna.

3.2 Fjárhagsaðstoð

Markmið með veitingu fjárhagsaðstoðar er að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér. Samhliða veitingu fjárhagsaðstoðar er unnið markvisst að því að styrkja viðkomandi einstaklinga í leit sinni að atvinnu og fækka þannig í hópi þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda.


3.2.1 Fjöldi styrkþega

Umsækjendur þurfa alla jafna að sækja mánaðarlega um fjárhagsaðstoð og voru umsóknir sem fengu afgreiðslu 638 á árinu 2019, sem er fjölgun um 13,5% frá árinu 2018 (Mynd 9).



Mynd 9. Fjöldi afgreiðslna árin 2016 – 2019.


Á árinu 2019 fékk 101 styrk frá sveitarfélaginu, sem er fjölgun um 44% frá árinu 2018. Á Mynd 10 má sjá fjölda styrkþega á tímabilinu. Aukningu þessa má meðal annars skýra með fjölgun atvinnulausra, en samkvæmt skrá Vinnumálastofnunar fjölgaði þeim um 85% á árinu (124 í janúar og 229 í desember) og fjölgun íbúa í sveitarfélaginu sem nam 8,5% milli árana 2018 og 2019 og tæpum 8% milli árana 2017 og 2018.



Mynd 10. Fjöldi styrkþega fjárhagsaðstoðar árin 2016 - 2019.

3.2.1 Útgjöld

Heildarútgjöld vegna fjárhagsaðstoðar ársins 2019 voru 70.145 þ.kr. Heildarútgjöld til fjárhagsaðstoðar hækkuðu um 37% frá síðasta ári. Sú hækkun skýrist annars vegar af fleiri styrkþegum, eins og Mynd 10 ber með sér, og hins vegar af grunnhækkun fjárhagsaðstoðar sem átti sér stað í lok árs 2018, upp í 182.750 kr.



Mynd 11. Útgjöld til fjárhagsaðstoðar árin 2016 - 2019.


3.3 Félagsleg heimaþjónusta

Markmiðið félagslegrar heimaþjónustu er lögum samkvæmt að veita þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu þjónustu til að geta búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er. Eir, hjúkrunarheimili annast framkvæmd þjónustunnar samkvæmt samningi við Mosfellsbæ.

3.3.1 Umfang og eðli þjónustunnar


Við mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu er notast við upphafsmat RAI Home care. Mati þessu er ætlað að meta þörf einstaklinga fyrir þjónustu. Mosfellsbær er eitt af fáum sveitarfélögum á landinu sem nýtir matið við ákvörðun um þjónustu. Matinu er ætlað tryggja samræmt og hlutlægt mat á þjónustubörf.

Fjöldi heimila sem nutu félagslegrar heimaþjónustu í lok árs 2019 voru 146, en þeim hafði fjölgað um um 13% frá árinu 2018 þegar þau voru 129. Mynd 12 sýnir fjölda heimili sem nutu félagslegrar heimaþjónustu á árunum 2016-2019, skipt eftir tegund heimila.



Mynd 12. Félagsleg heimaþjónusta, fjöldi heimila skipt eftir tegund árin 2016-2019.

Nokkur fjölgun var í hópi eldri íbúa sem nutu félagslegrar heimaþjónustu árið 2019 eins og sjá má á Mynd 12, mest er aukning í hópi þeirra eldri íbúa sem búa utan öryggisíbúða Eirhamra. Ætla má að það sé vegna fjölgunar í hópi eldri borgara í bæjarfélaginu og áherslu sveitarfélagsins á að eldri borgurum sé gert kleift að dvelja sem lengst á heimili sínu. Fjöldi annarra heimila er svipaður milli árána 2016-2019. Mynd 13 sýnir þróun útgjalda Mosfellsbæjar vegna félagslegrar heimaþjónustu síðustu fjögur ár.



Mynd 13. Útgjöld vegna félagslegrar heimaþjónustu árin 2016 til 2019.

4 Þjónusta við eldri borgara

Þjónusta við eldri borgara er fjölbreytt og viðamikil. Framkvæmd þjónustunnar er í samræmi við lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Vinna við gerð stefnumótunar hófst á árinu 2018, lokahönd var lögð á gerð stefnunnar á árinu 2019 og er áætlað að hún verði gefin út á árinu 2020.

4.1 Dagdvöl að Eirhömrum

Dagdvöl á Eirhömrum tók til starfa 1. mars 2015, en samkvæmt samþykkt heilbrigðisráðuneytisins fyrir rekstri eru áætluð níu almenn rými þar. Eir hjúkrunarheimili annast rekstur dagdvalarinnar með samningi við Mosfellsbæ. Markmið starfseminnar er að efla fólk til sjálfshjálpar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Breytilegt er hversu marga daga eða dagsparta hver einstaklingur nýtur þjónustu á deildinni. Hlutverk dagdvalar er að bjóða einstaklingum upp á tómsundaiðju, félagslegan stuðning, mat á heilsufari, þjálfun, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í boði er akstur milli dagdvalar og heimilis, sbr. 3. lið 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þá er einnig boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi.

4.2 Félagsstarf

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ fer fram í þjónustumiðstöð aldraðra, Eirhömrum. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja félagslega einangrun og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Áhersla er lögð á öflugt félagsstarf sem mætir þörfum ólíkra hópa. Listsköpun, handmennt, spilamennska, kórstarf, leikfimi, sund og ferðalög eru dæmi um starfsemina.

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ var vel sótt, virkir þátttakendur voru á bilinu 180-280 í handverksstofunni þegar framboð á námskeiðum var sem mest. Aðra hverja viku hefur verið fjölsóttur viðburður sem nefnist Gaman saman, þar voru þátttakendur gjarnan á bilinu 50-80 manns í einu.

Starfandi á árinu var ferðanefnd sem sér um skipulag ferða fyrir þátttakendur félagsstarfsins. Ferðir þessar eru almennt vel sóttar og má nefna sem dæmi ferð til Færeyja í júní og hringferð um Snæfellsnesið þar sem þátttakendur voru í hvorri ferð um sig í kringum 40.


5 Akstursþjónusta

Einstaklingar sem eru fatlaðir og geta ekki ferðast með almenningsfarartækjum eiga kost á akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins til að geta stundað atvinnu, nám, sótt þjálfun og notið tólmstunda og er sú þjónusta lögbundin skv. félagsþjónustulögum. Gert er ráð fyrir að fötluð börn eigi kost á þjónustunni gætu þau að öðrum kosti nýtt sér þjónustu almenningsvagna í ljósi aldurs. Fjölskyldusvið greiðir enn fremur fyrir akstur fatlaðra barna til og frá þjálfun og þegar skólar eru ekki með starfsemi. Annar akstur fatlaðra grunnskólabarna er á ábyrgð fræðslu- og frístundasviðs.

Mosfellsbær veitir eldri íbúum akstursþjónustu hafi þeir ekki aðgang að eigin farartæki og séu ófærir um að nota almenningsamgöngur en sú þjónusta er ekki lögbundin.


Um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og akstursþjónustu eldri íbúa gilda reglur sem bæjarstjórn hefur sett. Strætó bs. er framkvæmdaraðili þjónustunnar.

Nokkur aukning í ferðafjölda átti sér stað milli ára 2018 og 2019. Á árinu 2018 voru 21.738 ferðir farnar af fötluðu fólki og eldri borgurum, en á árinu 2019 voru það 23.870 ferðir, eða aukning um tæp 10%. Mynd 14 sýnir fjölda einstaklinga sem nýttu sér akstursþjónustu árin 2016-2019 skipt eftir hópi þjónustuþega.



Mynd 14. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér akstursþjónustu, skipt eftir hópi þjónustuþega árin 2016 til 2019.

Samhliða fjölgun þjónustuþega hækkuðu útgjöld vegna þjónustunnar milli ára um tæp 18%. Heildarkostnaður var 72 m.kr. á árinu 2018 en fór upp í 85 m.kr. á árinu 2019. Meðalkostnaður á hverja ferð var 3.305 kr. á árinu 2018 en 3.662 kr. á árinu 2019, hækkan um 11%. Þróun útgjalda vegna akstursþjónustunnar má sjá á Mynd 15.



Mynd 15. Útgjöld vegna akstursþjónustu árin 2016 til 2019.

6 Þjónusta við fatlað fólk

Fatlað fólk á rétt á almennri þjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, auk þess sem það getur átt rétt á sértækri þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í þessum kafla er fjallað um þjónustu á grundvelli síðarnefndu laganna.

6.1 Búsetuþjónusta

Mosfellsbær starfrækir þrjá búsetukjarna, í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti. Auk þeirra sem þar búa er nokkrum einstaklingum, sem búa í eigin íbúðum eða leiguíbúðum utan kjarnanna, veitt þjónusta. Sértæk búsetuúrræði eru ætluð fötluðum einstaklingum sem þurfa umtalsverðan stuðning við heimilishald og athafnir daglegs lífs.

6.1.1 Hulduhlíð

Í búsetukjarnanum er veitt sólarhringsþjónusta. Íbúar eru fjórir í tveimur íbúðum, auk þess er þjónusta veitt til tveggja aðila sem búa annars staðar. Ellefu starfsmenn störfuðu við búsetukjarnann í 6,45 stöðugildum á árinu 2019. Forstöðumaður sinnir 50% starfi í búsetukjarnanum Hulduhlíð og 50% starfi í Klapparhlíð.

6.1.2 Klapparhlíð

Í búsetukjarnanum Klapparhlíð er veitt sólarhringsþjónusta, sem er breyting frá fyrri árum en vegna breyttra aðstæðna íbúa hefur verið sett á næturvakt alla daga vikunnar. Í Klapparhlíð búa tveir íbúar, hvor í sinni íbúð og þá er einn einstaklingur í aðlögun að búsetu í Klapparhlíð sem býr í íbúð með öðrum íbúanum. Starfsfólk þjónustar einnig einstaklinga í þremur íbúðum utan kjarnans. Tólf starfsmenn störfuðu við kjarnann í 6,35 stöðugildum.

6.1.3 Þverholt

Í búsetukjarnanum Þverholti er sólarhringsþjónusta. Íbúar eru fimm, hver í sinni íbúð. Auk þess veitir starfsfólk kjarnans tveimur einstaklingum þjónustu sem búa í nágrenninu, hvor í sinni íbúð. Starfsmenn eru 19 í 11,5 stöðugildum.

6.1.4 Biðlisti eftir sértækri búsetu

Í lok ársins voru fimm einstaklingar á bið eftir búsetu, þar af eru einn með NPA samning. Að auki voru fimm einstaklingar á bið eftir breytingu á búsetu, þar af eru fjórir búsettir á Skálatúni. Tveir einstaklingar utan Mosfellsbæjar áttu umsókn um búsetu í sveitarfélaginu, báðir búsettir í Reykjavík. Þrír einstaklingar áttu umsókn um búsetu á Skálatúni, allir búsettir í Reykjavík.

6.2 Áfangaheimili fyrir geðfatlaða

Á árinu 2019 var sett á stofn nýtt áfangaheimili fyrir geðfatlaða í Krókabyggð í húsnæði í eigu Mosfellsbæjar sem áður var nýtt sem félagslegt leiguhúsnæði. Í húsinu er veitt sólarhringsþjónusta og geta tveir einstaklingar búið þar hverju sinni, hvor í sínu herberginu og deila þeir sameiginlegu rými. Heimilið getur einnig veitt þjónustu til annarra íbúa Mosfellsbæjar sem glíma við geðfötlun og búa í eigin húsnæði.

Starfsemin fór í gang á haustmánuðum 2019. Tveir íbúar voru í þjónustu Krókabyggðar í árslok 2019 auk þess sem heimilið þjónustaði einn einstakling utan þess.


6.3 Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) felst í því að fólk með sértækar þjónustubarfir vegna skertrar færni stjórnar því sjálfst hvers konar stoðþjónustu það nýtur, hvar og hvernig hún er veitt, að hve miklu leyti og af hálfu hvers. Notendastýrð aðstoð getur jafnt farið fram á heimili notanda, vinnustað sem annars staðar, til dæmis við frístundaiðju eða sem aðstoð við að sækja aðra þjónustu í samfélaginu. Almenn er gengið út frá því að hinn fatlaði stjórnari þjónustunni sjálfur eða að hann njóti aðstoðar aðstandenda eða annarra sem taka það að sér. Einstaklingar með NPA samninga í Mosfellsbæ voru alls 11 á árinu en í lok árs voru þeir 9 þar sem einn flutti erlendis og annar flutti í búsetukjarna á vegum sveitarfélagsins.

6.4 Liðveisla

Liðveisla er veitt til einstaklinga með fötlun sem búa utan stofnana eða sértækrar búsetu. Liðveisla er veitt frá sex ára aldri.

Í lok árs 2019 voru 57 einstaklingar að nýta sér liðveislu og var þá enginn á bið eftir liðveislu þar sem vel gekk að ráða inn liðveitendur á árinu. Í lok ársins var starfandi 81 liðveitandi (Mynd 16). Fjöldi liðveitenda umfram einstaklinga með samþykkt skýrist af því að sum börn og ungmenni skipta úthlutuðum liðveislutímum niður á fleiri en einn liðveitanda, önnur börn þurfa tvo liðveitendur í einu og þá er einnig í einhverjum tilfellum tveir eða fleiri liðveitendur sem veita liðveislu inn á heimili barns.



Mynd 14. Einstaklingar með samþykkt liðveislu og starfandi liðveitendur árin 2016-2019.

6.5 Dagþjónusta – atvinna, hæfing

Mosfellsbær hefur boðið fötluðum íbúum starf á hæfingarstöðvum, vernduðum vinnustofum og starfsþjálfunarstað. Þessir vinnustaðir eru handverkstæðið Ásgarður, Ás styrktarfélag, Örvi í Kópavogi þar sem fer fram starfsprófun og starfsþjálfun og Geitungarnir í Hafnarfirði. Skálatún rekur einnig dagþjónustu fyrir þá íbúa sem þar búa. Mosfellsbær rekur sem sveitarfélag ekkert dagþjónustuúrræði.

Kostnaður fyrir dagþjónustu var 98 m.kr. á árinu 2019 en 41,5 m.kr. á árinu 2018. Hækkun skýrist af nokkrum þáttum. Má þar nefna fjölgun á notendum, greiðslur vegna sumarkennslu nemenda í Arnarskóla og hækkun á kostnaði við þjónustu Áss styrktarfélags sem tilkomin er m.a. vegna leiðréttingar á útreikningum þjónustunnar og uppgjöri ársins 2018 sem var bókfært á árinu 2019. Að lokum má nefna kostnað vegna atvinnurýma í Ásgarði sem færð voru á liðinn


dagþjónusta á árinu 2019, en voru áður færð sem kostnaður á sameiginlegan kostnað vegna þjónustu við fatlað fólk.

6.6 Skammtíamavistun

Skammtíamavistun fyrir fötluð börn og ungmenni er starfrækt í samræmi við 17. gr. laga nr. 38/2018. Börnin og ungmennin skulu eiga kost á því að njóta tímabundinnar dvalar í skammtíamadvöl þegar þörf krefur. Skammtíamavistun býður upp á afþreyingu, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs. Þjónustunni er einnig ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsi.

Mosfellingum stendur til boða skammtíamavistunin að Móafliot í Garðabæ, sem er fyrir fötluð börn á grunnskólaaldri, og skammtíamavistuninni að Hnotubergi í Hafnarfirði sem er fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Mosfellsbær rekur enga skammtíamavistun. Sex börn og ungmenni úr Mosfellsbæ nýttu þessa þjónustu á árinu 2019. Eitt barn var á biðlista eftir skammtíamavistun.

Hámarksdvöl í skammtíamavistun eru sjö dagar í mánuði og getur dvölin verið samfelld eða í styttri tíma. Í undantekningartilvikum geta einstaklingar dvalið þar lengur ef sérstakar aðstæður krefjast þess og á meðan beðið er eftir varanlegri úrræðum. Mosfellingar eiga einnig kost á að fá úthlutaðri dvöl á áfangaheimili fyrir fötluð ungmenni í Hrauntungu í Kópavogi þar sem aðlögun fer fram að sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar dvelja þar tvær vikur í senn í hverjum mánuði. Enginn Mosfellingur nýtti sér það úrræði á árinu 2019. Kostnaður vegna skammtíamavistunar hækkaði um 32% milli ára 2018 og 2019, fór úr 20 m.kr. 2018 í 26,5 m.kr. á árinu 2019 og skýrist sú hækkan meðal annars af lengri dvalartíma barnanna sem og fjölgun í hópi þeirra sem fékk úthlutaðri þjónustunni.




Mynd 15. Útgjöld vegna skammtíamavistunar árin 2016 til 2019.

6.7 Stuðningsfjölskyldur


Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skemmri tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins og auka jafnframt möguleika þess á fjölbreyttara félagslegu umhverfi. Hjá stuðningsfjölskyldu búa börnin við venjulegt fjölskylduumhverfi.

Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar er gert er ráð fyrir að almennt fari samfelld dvöl barns að jafnaði ekki yfir þrjá sólahringa samanlagt, en getur þó í undantekningartilvikum numið allt að fimm sólahringum á mánuði. Fjölskyldunefnd getur veitt undanþágu frá þeim sólahringsfjölda. Gjald er greitt fyrir dvöl barns á sólahring sem tekur mið af umönnunarflokki barnsins.

Algengast er að börn fái úthlutuðum tveimur til fjórum sólahringum í mánuði. Fimm börn í sveitarfélaginu hafa þurft á miklum stuðning að halda vegna fjölpættis vanda. Þar af eru tvö börn með níu sólahringa hvort og tvö börn með með átta sólahringa auk liðveislutíma. Þau börn sem voru með úthlutun umfram reglur Mosfellsbæjar voru ekki að nýta sér skammtímavistun. Mynd 18 sýnir fjölda úthlutaðra sólahringa hjá stuðningsfjölskyldum árin 2016-2019.



Mynd 16. Fjöldi úthlutaðra sólahringa hjá stuðningsfjölskyldum ásamt fjölda barna árin 2016-2019.



Mynd 17. Útgjöld vegna stuðningsfjölskyldna árin 2016 til 2019.

Kostnaður vegna stuðningsfjölskyldna hækkaði lítillega milli áráanna 2018 og 2019 þar sem gjald sem er greitt fyrir dvöl barns á sólahring tekur mið af umönnunarflokki barnsins og hafa fleiri börn í sveitarfélaginu flokkast í hærra gjald vegna umönnunarpunga. Á árinu 2018 var kostnaður 31,3 m.kr. en 32,4 m.kr. á árinu 2019 (Mynd 19).

6.8 Önnur þjónusta við börn

Foreldrar fatlaðra barna hafa í auknum mæli óskað eftir því að fá stuðning inn á heimili sitt í stað þess að nýta sér skammtímavistunir. Þetta á sérstaklega við um yngri börnin. Það er mat starfsmanna fjölskyldusviðs að slíkri þjónustu fylgi aukin gæði, auk þess sem kostnaður er umtalsvert lægri en ef úthluta ætti sambærilegum fjölda sólahringa í skammtímavistun. Stuðningurinn heim er greiddur í samræmi við gjaldskrá og reglur um stuðningsfjölskyldur annars vegar og liðveislutíma hins vegar. Fimm fjölskyldur voru að nýta sér slíkan stuðning inn á heimili sitt.

6.8.1 Heimili fyrir börn

Heimili fyrir börn er staðsett í tæplega 100 m² fjögurra herbergja íbúð, þar sem tvö börn dveljast í langtíma úrræði. Hvort barn hefur sitt herbergi með leikföngum, persónulegum munum, myndum o.s.frv. Börnin dvöldu á árinu í um þrjár vikur í hverjum mánuði og voru á þeim tíma með starfsmann með sér, einn til tvo með hvoru barni, allan þeirra vökutíma ásamt einum starfsmanni á næturvakt.

Mikið er lagt upp úr jákvæðu og öflugu foreldrasamstarfi og hafa meðal annars foreldrar val um dvalartíma og daga sem henta barni þeirra og fjölskyldunni best.

6.8.2 Lengd viðvera og sumarstarf

Fötluð ungmenni sem stunda nám í sérdeildum og á starfsbrautum framhaldsskóla geta þurft á svonefndri lengdri viðveru að halda eftir að skóladegi lýkur. Það helgast af því hvað skóladagur þeirra er iðulega skammur; honum lýkur oft um hádegi og í hópnum eru ungmenni sem geta ekki verið ein heima eftir skóla. Einnig þarf að gera ráð fyrir að þessi sami hópur þurfi aukna þjónustu í jóla, páska-, vetrar- og sumarfríum. Mikilvægt er að samfella sé í þjónustunni.

Mosfellsbær kaupir lengri viðveru eftir skóla og sumarstarf fyrir framhaldsskólanema hjá Vinaskjóli í Hafnarfirði og Hinu Húsinu í Reykjavík. Eitt ungmenni úr Framhaldsskóla Mosfellsbæjar hefur að auki nýtt sér lengda viðveru í bæjarfélaginu sem hefur verið sérsniðin að hennar þörfum. Kostnaður við lengda viðveru bókast á dagþjónustu.

6.9 Skálatún

Á lóð Skálatúns rekur Skálatún ses. heimili og dagþjónustu fyrir fatlað fólk. Samningur Mosfellsbæjar við Skálatún rann út í árslok 2014. Hann hefur ekki verið endurnýjaður þar sem ekki hefur náðst samkomulag um greiðslur milli aðilanna, en sveitarfélagið hefur áfram greitt til stofnunarinnar samkvæmt útrunnum samningi. Á árinu 2019 skipaði félagsmálaráðherra sáttasemjara í málið sem átti að vinna að því að útfæra rammatillögu milli aðilanna um greiðslur fyrir þjónustuna. Þeirri vinnu var ekki lokið í árslok 2019.

Á árinu 2019 greiddi sveitarfélagið 658 m.kr. til Skálatúns, sem er fjármagnað að mestu í gegnum framlög Jöfnunarsjóðs en einnig í gegnum útsvarstekjur sveitarfélagsins. Á árinu 2018 námu greiðslurnar 638 m.kr. og er því hækkunin rúm 3% milli ára. Í lok árs 2019 bjuggu 36 íbúar á Skálatúni en tveir íbúar höfðu látist á árinu og var ekki úthlutað í þau pláss til að vinna að auknu einkarými íbúa.

6.10 Samráð og samvinna við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

Allt frá árinu 2011 þegar þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríkinu hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu haft með sér reglulega samvinnu og samráð, einkum sveitarfélögin á svæðinu utan Reykjavíkur sem byggðist á sérstöku samkomulagi frá 2010. Fundir framkvæmdastjóra félagsþjónustu, ásamt sérfræðingum í viðeigandi málaflokkum, hafa verið haldnir um það bil hálfsmánaðarlega á árinu.

Þetta samráð hefur verið mjög gagnlegt í mörgu tilliti, jafnt með samnýtingu þjónustu, yfirferð reglna, gerð fræðsuáætlunar fyrir starfsfólk í búsetu fatlaðs fólks, faglegri ráðgjöf sérfræðinga sem skiptum á upplýsingum og samráði almennt. Fundirnir hafa verið haldnir á vettvangi SSH og hefur starfsemin notið margvíslegrar aðstoðar samtakanna.


7 Félagsleg húsnæðismál

7.1 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 sem áttu sér stað í lok árs 2016 fólu meðal annars í sér að almennar húsaleigubætur, sem svo hétu, voru lagðar af. Í stað þeirra greiddi Íbúðalánasjóður almennar húsnæðisbætur. Vinnumálastofnun tók síðar við því verkefni en Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur nú séð um greiðslu almennra húsnæðisbóta frá upphafi árs 2020. Almennar húsnæðisbætur eru alfarið kostaðar af ríkissjóði. Breyting á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga gerði enn fremur sveitarfélögum að greiða sérstakan húsnæðisstuðning og setja sér reglur um þær.


Húsnæðisbætur ríkisins ná til fleiri einstaklinga en húsaleigubæturnar gerðu þar sem tekjuviðmið eru hærri. Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélags er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrðar eða félagslegra aðstæðna af öðru tagi. Forsenda fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélags er að fyrir liggja samþykkt um greiðslu húsnæðisbóta, að umsækjandi búi í samþykktu íbúðarhúsnæði á almennum markaði og að samanlagður tekjur og eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri séu innan þeirra viðmiða sem reglurnar segja til um.

Samhliða fjölgun íbúa í sveitarfélaginu hefur fjöldi styrkþega aukist milli ára. Árið 2017 var fyrsta árið sem sérstakur húsnæðisstuðningur var greiddur frá sveitarfélögum. Voru styrkþegar þá 67 en hafði fjölgað um nær helming 2019 en voru þá 126.



Mynd 18: Fjöldi styrkþega árin 2017 til 2019.

Heildarútgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings hafa aukist milli ára með fjölgun styrkþega. Einnig voru gerðar breytingar á reglum sveitarfélagsins í lok árs 2017 og var upphæð stuðnings þá hækkuð. Stuðningurinn er reiknaður sem hlutfall af almennum húsnæðisbótum og var hlutfallið hækkað úr 0,7 í 0,9. Árið 2017 voru heildarútgjöld sveitarfélagsins 10.343 þús. krónur en 29.332 þúsund krónur árið 2019. Hækkunin milli árána 2018 og 2019 nemur 32%.



Mynd 19. Útgjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings 2017, 2018 og 2019.


7.2 Félagslegt leiguhúsnæði

Mosfellsbær á 31 íbúð. Af þeim eru 28 eru leigðar út sem félagslegt leiguhúsnæði, ein er leigð til búsetu fatlaðs fólks, ein til heimilis fyrir börn og ein til áfangaheimilis fyrir geðfatlaða. Vorið 2018 keypti Mosfellsbær tveggja herbergja íbúð. Aðrar íbúðir í eigu Mosfellsbæjar voru keyptar á árunum 1990-2002. Af þeim 28 íbúðum sem eru leigðar út sem félagslegt leiguhúsnæði eru tíu íbúðir tveggja herbergja, tíu eru þriggja herbergja, sjö fjögurra herbergja og ein fimm herbergja.

Til viðbótar við þær íbúðir sem eru í eigu sveitarfélagsins hefur Mosfellsbær framleigt íbúðir til samþykkrta umsækjanda um félagslegt leiguhúsnæði. 15 íbúðir eru leigðar með þessum hætti af mismunandi aðilum:

Heimavellir leigufélag	6 íbúðir
Þroskahjálp	5 íbúðir
Brynja leigufélag	2 íbúðir
Einstaklingur	1 íbúð
Eirhamrar	1 íbúð


Leigjendur félagslegra íbúða hafa að meðaltali leigt félagslegt leiguhúsnæði í 9,1 ár í félagslegu leiguhúsnæði í eigu Mosfellsbæjar. Þeir hafa verið allt frá nokkrum mánuðum og lengst í 24 ár. Á Mynd 22 má sjá að flestir hafa búið í leiguhúsnæði Mosfellsbæjar í 0-5 ár og þar á eftir í 11-15 ár.



Mynd 20. Fjöldi leigusamninga skipt eftir tímalengd í árum talið.

7.3 Biðlisti

Í lok árs 2019 voru 40 umsækjendur á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Árið 2016 voru 25 umsækjendur á biðlista. Milli áráanna 2018 og 2019 hefur biðlistinn aukist um 38% (Mynd 23).



Mynd 21. Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir félagslegu húsnæði í lok hvers árs 2016-2019.

8 Móttaka flóttafólks

Mosfellsbær hefur í tvígang tekið á móti flóttafólki sem fengið hefur stöðu kvótaflóttafólks samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Fyrri hópurinn, tíu einstaklingar (sex fullorðnir og fjögur börn) frá Úganda, komu landsins 19. mars 2018. Seinni hópurinn, 11 einstaklingar (nú fullorðnir og tvö börn) frá Úganda og Súdan, kom í september 2019.

Reynslan af móttöku flóttafólksins hefur verið almennt góð. Helstu erfiðleikar tengdir verkefninu var útvegur húsnæðis og því fylgdi óhjákvæmilega meiri útgjöld en gert var ráð fyrir. Það auðveldaði hins vegar alla vinnu við verkefnið að fólkið var enskumælandi og því þurfti ekki að kaupa túlkþjónustu í þeim mæli sem gert var ráð fyrir í áætluðum kostnaðarútreikningum ráðuneytisins.

Það er mat þeirra sem að verkefninu komu að vel hafi tekist til með móttöku flóttafólksins, ef frá eru talin þau vandkvæði við að útvega fólkinu húsnæði. Samvinna sveitarfélagsins við fólkið, samstarfsaðila (Rauða kross Íslands, stofnanir, félagasamtök og ráðuneyti) hefur verið gott. Segja má að samfélagið í heild hafi verið mjög vinveitt fólkinu sem studdi við aðlögun bæði fullorðinna og barna.

Allur kostnaður við móttöku flóttamannanna fyrsta árið, svo sem vegna ráðningar verkefnastjóra, framfærslukostnaðar, túlkþjónustu, heilbrigðisþjónustu og þess háttar er greiddur af félagsmálaráðuneytinu.